

Ársskýrsla  
2005

Stjórnastiganségg AkureyrarpollágætisflingurbarnaskóliSjevrólettinn  
Státtankipéttirhaldarabarbarinærrigörðunumgriðbókabúðumgalleríum  
Stúmahvítalekkottarrauninnismábæryerölderuþróunarsólarljósifogurapp  
StunumliggurhvítabjörnÁtthagarnirlaunguhanssáustoftmyndirsnjóko



**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Ársskýrsla  
2005



[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



## Bærinn í bókmenntum

Að þessu sinni er ársskýrsla bæjarins skreytt með bókmenntatextum þar sem vitnað er til Akureyrar eða Akureyringa með ýmsum og ólíkum hætti. Þar kennir ýmissa grasa og hafa lesendur skýrslunnar vonandi gaman af lestrinum. Starfsfólk Amtsbókasafnsins á Akureyri fær bestu þakkir fyrir aðstoð við leitina að textum við hæfi.

Akureyrarbær - Geislagötu 9 - 600 Akureyri

Sími 460 1000 - Fax 460 1001 - [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is).

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi: Akureyrarbær 2006

Umsjón: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlestur og prófarkir: Gunnar Frímansson

Ljósmyndir: Ragnar Hólm Ragnarsson

Hönnun og umbrot: Still. Prentun og bókband: Ásprent



<b>ÁVARP BÆJARSTJÓRA</b>	<b>6</b>
<b>STJÓRNSÝSLUSVIÐ</b>	<b>6</b>
FJÁRMÁL BÆJARINS	6
HAGÞJÓNUSTA	7
MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL	7
STARFSMANNAPJÓNUSTA	8
JAFNRÉTTISMÁL OG FJÖLSKYLDUSTEFNA	9
HÚSNÆÐISMÁL	9
<b>FÉLAGSSVIÐ</b>	<b>10</b>
FJÖLSKYLDUDEILD	10
HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI	10
BÚSETUDEILD	11
ÖLDRUNARHEIMILIN	12
SKÓLADEILD	13
MENNINGARDEILD	15
ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDADEILD	15
<b>FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR</b>	<b>16</b>
<b>TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ</b>	<b>17</b>
FRAMKVÆMDADEILD	18
UMHVERFISDEILD	19
<b>FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. DESEMBER 2005</b>	<b>20</b>



## ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Árið 2005 einkenndist af miklum framkvæmdum á Akureyri og stórhug bæjarbúa. Sjaldan eða aldrei hefur verið byggt jafnmikið á Akureyri. Bæjarbúum fjölgaði á árinu um tæplega 300 manns og það er ljóst að hér vill fólk búa, enda sýndi lífskjararannsókn sem gerð var á vormánuðum 2005 að Akureyringar eru ánægðir með bæinn sinn og búsetuskilyrðin. Þar ber einna hæst mikil ánægja með skólana í bænum, allt frá leikskólum til háskóla. Í samanburði við íbúa höfuðborgarsvæðisins telur fólk á Akureyri sig einnig eiga mun auðveldara með að eignast þak yfir höfuðið, það er ánægðara með þjónustu heilsugæslunnar, þjónustu við aldraða, samgöngur og öryggi sitt og sinna.

Áhugafólk um vöxt Akureyrarbæjar getur með stolti hvorutveggja litið um öxl og horft fram á veg. Mikið og gott starf hefur verið unnið undir merkjum „Akureyrar í öndvegi“ þar sem glæsilegar tillögur litu dagsins ljós í hönnunarsamkeppni um nýjan miðbæ. Frábært starf er unnið í ótal fyrirtækjum og stofnunum bæjarfélagsins, menningin blómstrar sem aldrei fyrr og á engan er hallað þótt þar sé sérstaklega minnst á frammistöðu leikhússins okkar. Akureyringum fjölgar og sú fjölgun kallar á fleiri störf og fjölbreytta þjónustu. Ný tækifæri verða til í rekstri og þjónustu og nú hillir undir gríðarlega uppbyggingu í miðbænum. Auk metnaðarfullra áforma um byggingu menningarhúss sem jafnframt mun hýsa Tónlistarskólann á Akureyri í hjarta bæjarfélagsins, hafa mörg fyrirtæki lýst áhuga á uppbyggingu á þessu svæði. Allt hnígur þetta í sömu átt: Bæjaryfirvöld treysta á hæfileikaríkt fólk, þróttmikla menningu, orkuver hugans og sköpunarkraftinn - því þar er framtíðin fólgin!

Ekkert bendir til annars en að framtíðin sé björt fyrir Akureyringa. Við verðum að halda vel á spöðunum, vinna vel úr því sem við höfum og síðast en ekki síst, rækta með okkur bjartsýnina. Verum stórhuga, horfum björtum augum fram á veginn og nýtum okkur alla þá kosti sem höfuðborg hins bjarta norðurs hefur að bjóða.

Akureyri 25. apríl 2006

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri

### BÆJARBÚAR

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 16.450 hinn 1. desember 2004. Bæjarbúar voru orðnir 16.736 1. desember 2005 og hafði fjölgað um 286 eða um 1.71 %. Karlar voru 8.222 og konur 8.514.

Frá 2. desember 2004 til 1. desember 2005 fæddust 259 börn en 110 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottfluttir 1.249 en aðfluttir til bæjarins 1.386, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 137. Á árinu 2005 skipti 2.951 bæjarbúi um heimilisfang innan bæjarins. Elsti íbúi bæjarins, Jóhanna Jónsdóttir, er 105 ára.

## STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á árinu voru haldnir 18 fundir í bæjarstjórn Akureyrar og 41 fundur í bæjarráði. Þóra Ákadóttir var endurkjörin forseti bæjarstjórnar og Jakob Björnsson var endurkjörinn formaður bæjarráðs.

Þann 8. október var kosið um sameiningu sveitarfélaga víða um land. Kosið var um sameiningu níu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu en þau voru Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Sameiningartillagan var felld í sjó af níu sveitarfélögum. Á Akureyri voru 11.997 kjósendur á kjörskrá og kusu 2.747. Kjörsókn var því tæp 23%. Akureyringar höfnuðu sameiningartillögunni með 1.489 atkvæðum gegn 1.191 sem vildu samþykkja. Auðir seðlar voru 67.

### FJÁRMÁL BÆJARINS

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2005 var lögð fram í bæjarstjórn til fyrri umræðu 16. nóvember 2004 og til seinni umræðu 14. desember þar sem hún var samþykkt. Þriggja ára áætlun, þ.e. áætlun um rekstur og framkvæmdir á árunum 2006-2008, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 1. mars 2005.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 10.171,4 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 9.320,2 millj.kr. Rekstrartekjur A hluta námu 6.963,0 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 6.307,9 millj.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 9.627,9 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 9.024,6 millj. kr. Rekstrargjöld A hluta námu 6.839,9 millj.kr. miðað við 6.381,5 í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir sveitarfélagsins voru neikvæðir um 189,4 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 151,3 millj.kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 360,2 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 144,2 millj.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 177,9 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 59,8 millj.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 22.053,5 millj.kr., þar af eru veltufjármunir 2.743,1 millj.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 14.214,4 millj.kr., þar af eru skammtímaskuldir 2.553,4 millj.kr. Veltufjárlutfallið er 1,07 í árslok, en var 1,29 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 7.839,2 millj. kr. í árslok sem er 35,5% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 36,0%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.675,0 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 1.669,6 millj.



kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 2.179,5 millj.kr., fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum umfram söluverð nam 2.129,6 millj.kr. og fjárfesting í eignarhlutum í félögum umfram söluverð eignarhluta nam 81,4 millj.kr. Langtíma- og skammtímakröfur lækkuðu um 28,5 millj.kr. á árinu. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 523,2 millj.kr. Afborgun langtímalána nam 587,1 millj.kr. en ný langtímalán námu 1.393,4 millj.kr. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 13,2 millj.kr. og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 1.501,9 millj.kr.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 53,8% en 52,1% án breytinga á lífeyrisskuldbindingum. Annar rekstrarkostnaður var 31,0% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 290 þús.kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 608 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2004 voru skatttekjurnar 260 þús.kr. á hvern íbúa.

Ársreikning Akureyrarbæjar 2005 er að finna á heimasíðu bæjarins. Slóðin er [www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar](http://www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar)

## HAGPJÓNUSTA

Hagþjónustan annast gerð fjárhagsáætlana fyrir bæjarfélagið til lengri og skemmri tíma auk þess sem deildin hefur umsjón með útboðsmálum og stærri innkaupum og ennfremur sér deildin um rekstur tölvukerfa bæjarins.

Verulegar breytingar voru gerðar á netkerfi Akureyrarbæjar á árinu. Allur miðlægur vélbúnaður í hýsingu hjá Skyggni var endurnýjaður og í stað Novell-netkerfisins sem notað hafði verið frá upphafi var tekið upp Windows 2003 netkerfi. Grunnskólarnir í bænum voru tengdir inn á nýja miðlæga netþjóna þannig að nú eru allar stofnanir bæjarins nema

við að launakerfi verði tekið í notkun á fyrstu mánuðum ársins 2006 en fjárhagsbókhalda 1. janúar 2007. Ýmis hliðarkerfi verða sett upp jafnhliða, t.d. hefst vinna við starfsmannakerfi fljótt eftir að launakerfið verður komið í notkun en vinna er þegar hafin við verkþing, sölukerfi og ýmis fleiri undirkerfi. Sérstök kennslustofa með 12 tölum hefur verið sett upp í tómstundamiðstöðinni í gamla Barnaskólahúsinu en hún nýttist bæði til að kenna starfsfólki og stjórnendum að nota SAP og til að þjálfa starfsfólk, stjórnendur og bæjarfulltrúa í notkun ýmissa annarra hugbúnaðarkerfa.

Meðal fjölmargra útboðsverkefna á árinu 2005 má nefna útboð á snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli og rekstur leikskólans Hólmasólar við Helgamagrastræti. Búnaður fyrir Brekkuskóla var boðinn út á árinu og tekinn í notkun við opnun skólans. Einnig var boðin út símsstöð fyrir Öldrunarheimili Akureyrarbæjar ásamt ýmsum smærri útboðum og verðfyrirspurnum.

## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Markaðs- og kynningardeild sér um almenna markaðssetningu bæjarins, móttöku gesta, erlend samskipti, heimasíðu bæjarins og þátttöku í ýmsum verkefnum sem lúta að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og ímyndarmálum.

Á hverju ári stendur bærinn fyrir móttöku fjölda innlendra og erlendra gesta og svo var einnig á þessu ári. Á árinu bar hæst opinbera heimsókn forseta Íslands til bæjarins í apríl. Forsetahjónin heimsóttu fjölda stofnana og fyrirtækja og hátíðarsamkoma opin öllum bæjarbúum var haldin í Íþróttahöllinni. Þar var fjölbreytt dagskrá og flytjendur margir á öllum aldri. Á samkomunni fengu einnig 23 ungir



**„Áður en sjónvarpið byrjaði á Akureyri var komið sjónvarp heima og í því sást ekkert nema snjór og svo stillimynd seinna og ljósmynd frá Akureyri, sem ég held að hafi verið af Sigurhæðum. En þegar maður var að leita í snjónum að óvæntum sjónvarpsútsendingum, sáust oft alls konar myndir út úr snjókornunum. Einu sinni sáum við Pési eitthvað sem líktist manni að labba og vissum strax að það var norska sjónvarpið.“**

– Þorvaldur Þorsteinsson, Hundrað fyrirburðir, 1987.

Heilsugæslustöðin tengdar miðlægum netþjónum sem eru vistaðir hjá Skyggni. Skyggni sér um rekstur netþjónanna, afritun gagna, póst- og internetþjónustu. Skólar og fjölmennar stofnanir tengjast kerfinu um ljósleiðara en fámennar stofnanir um örbylgju- eða ADSL-tengingar. Jafnframt var tekinn í notkun nýjasti Office-hugbúnaðurinn frá Microsoft á öllum skrifstofutölvum. Innleiðingin fór fram í lok september og gekk áfallalítið fyrir sig þó svo að um algjöra endurnýjun hafi verið að ræða.

Innleiðing SAP-upplýsingakerfa hófst á árinu. Mikil undirbúningsvinna þarf að fara fram áður en hægt er að taka kerfin í notkun, hanna þarf nýjan bókhaldslykil og stilla hugbúnaðinn í samræmi við þarfir Akureyrarbæjar. Miðað er

Akureyringar „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga“.

Akureyrarbær á aðild að Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins. Markmið samningsins er m.a. að efla svæðið, stuðla að fjölgun íbúa og starfa og auka samkeppnishæfni svæðisins. Mikið starf var unnið á þessum vettvangi og sérstök áhersla lögð á uppbyggingu þeirra fjögurra klasa sem ákveðið var að vinna að. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samningsins [www.klasar.is](http://www.klasar.is). Tengill er á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Tengiliðamót vinabæja Akureyrar á Norðurlöndum var haldið í Lahti í júní og þar var einnig sérstök hátíðardagskrá frá 31. október til 1. nóvember vegna 100 ára afmælis borgarinnar sem bæjarstjóri var viðstaddur.





Áfram var unnið að verkefninu Brandr undir merkjum norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. Í verkefninu er unnið að markaðssetningu og bættri ímynd sveitarfélaganna sem að því koma. Lögð er áhersla á markaðssetningu á einkennisorði Akureyrar „Öll lífsins gæði“ og það sem að baki því býr. Meðal verkefna sem unnið var að á árinu í nafni Brands má nefna birtingu sjónvarpsauglýsinga, útgáfu viðburðabæklinga, undirbúning skólabæklinga, auk þess sem haldið var „jólafestnumót“ í samvinnu við Atvinnuþróunarfélagið, Vaxtarsamning, Háskólann á Akureyri og fyrirtæki í bænum. Á stefnumótinu sem fram fór milli jóla og nýárs voru ungu fólk í framhaldsnámi kynntir þættir sem varða búsetu og atvinnulíf í bænum. Um NPP-áætlunina má lesa á heimsíðu Bygðastofnunar og um Brandr-verkefnið á sérstakri vefsíðu þess [www.brandr.net](http://www.brandr.net).

Á árinu var endurtekin víðtæk rannsókn, svonefnd lífskjararannsókn, sem áður var gerð árin 2000 og 2002 á viðhorfi íbúa til þjónustu og búsetu. Útkoma í samanburði við höfuðborgarsvæðið var mjög góð á flestum sviðum.

Akureyrarbær hefur verið aðili að Northern Forum samtökunum frá árinu 2003. Formaður bæjarráðs og verkefnastjóri Staðardagskrár 21 sóttu 7. allsherjarþing samtakanna sem haldið var í Harbin í Kína í júní. Umhverfisþing ungmenna á Norðurslóðum var haldið á Akureyri og nágrenni sumarið 2005 og bar Akureyrarbær ábyrð á undirbúningi og skipulagningu þingsins. Yfirskrift þess var „Loftslagsbreytingar og endurnýjanleg orka“. Þingið sóttu 26 ungmenni, þar af 8 frá Akureyri, frá 8 aðildarríkjum og borgum NF ásamt fylgdarfólki, fyrirlesurum, hópstjórum og starfsfólki. Gott samstarf var við fjölmarga innlenda og erlenda

## STARFSMANNAPJÓNUSTA

Starfsmannapjónustan annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn, bæjarfulltrúa og nefndarmenn og ráðgjöf til stjórnenda bæjarins um kjaramál og ráðningar. Einnig

Fjöldi launþega	3.791
Samtals greidd laun, milljónir kr.	4.927
Ársverk	1.431
Fjöldi 14 ára ungl. í vinnuskóla	248
Fjöldi 15 ára ungl. í vinnuskóla	242
Fjöldi 16 ára ungl. í sumarvinnu	149
Umsóknir um sumarvinnu	495
Ráðnir í sumarvinnu	255
Umsóknir 17 ára og eldri um vinnu í atvinnuátaki	71
Þágu tilboð um vinnu í atvinnuátaki	50


hefur hún umsjón með framkvæmd starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar, kjarapróun og fræðslumálum starfsmanna. Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2005 eru í eftirfarandi töflu:

Sumarvinna fyrir unglunga var með svipuðum hætti og á undanföllum árum. Unglingar á aldrinum 14-15 ára gátu fengið vinnu í vinnuskóla 3,5 tíma á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 klst. 16 ára unglungar gátu fengið 7 tíma vinnu á dag í 6 vikur eða í 210 tíma. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 6 vikur í samstarfi við Atvinnuleysisstryggingasjóð sem greiddi laun vegna átaksverkefna.

Árið 2005 var um margt óvenjulegt fyrir starfsmannapjónustuna. Í janúar lauk vinnu við að greiða starfsfólki Kjalur og Einingar leiðréttingar launa frá 1. desember 2002

**„Ráðhústorgið er steinsteypt með berum trjám á stangli og auðum bekkjum. Þeir fáu sem hættu sér útá þetta torg eru krakkar á hjólabrettum og minnir á annað slíkt í Reykjavík. Keppinautar okkar, Morgunfréttir og Ríkisútvarpið, eru með aðsetur í nýlegri gler- og steinbyggingu, eins konar fiskabúri á horni Kaupvangsstrætis og Glerárgötu við syðri mörk hafnarinnar. Þar er fagurt útsýni yfir fjörðinn með aðgangi í sama húsi að útbúi frá amerískri skyndibitakeðju. Útsýnið úr mínum kontórglugga er sprunginn gaffinn á næsta húsi.“**

– Árni Þórarinnsson, Tími nornarinnar, JPV útgáfa 2005.



aðila um þinghaldið sem tókst afar vel og fékk frábæra dóma þátttakenda. Í lok þingsins var samþykkt lokaályktun, sem afhent var bæjarstjóra, fulltrúum umhverfisráðuneytisins og Northern Forum við lokaathöfn og síðar yfirvöldum á þeim stöðum sem þátttakendur komu frá. Sjá nánar um starfsemi Northern Forum og umhverfisþingið á vefsíðunni [www.northernforum.org](http://www.northernforum.org).

Heimasíða bæjarins hefur verið í áframhaldandi þróun og eykst umferð um hana stöðugt.

vegna starfsmats sveitarfélaga. Rúmlega 1.400 manns fengu afturvirkar leiðréttingar sem námu samtals um 220 milljónum króna. Markmiðið með starfsmati sveitarfélaganna er að tryggja hlutlægni og jafnrétti í launaákvörðunum og á árinu 2005 var stigið annað skref til launajafnréttis sem var ákvörðun bæjarstjórnar um að afnema fastar aukagreiðslur umfram kjarasamninga. Þær ákvarðanir vorðu rúmlega 200 manns sem ýmist fengu hærra eða lægri heildarlaun í kjölfarið.

Verkefnisstjórar starfsþróunar skipulögðu námskeið og fyrirlestra fyrir stjórnendur með leiðbeinendum innan og utan bæjarkerfisins, svo sem um starfsþróun og starfsmannasamtöl, samskipti, einelti og áreitni á vinnustað og jafnréttislögin.



Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun kenndi stjórnendum að takast á við erfiða einstaklinga, Arnar Þór Músson frá fjármálaráðuneytinu fjallaði um samningsstjórnun, Elín Díanna Gunnarsdóttir frá HA fjallaði um kulnun í starfi, Ingólfur Á. Jóhannesson frá HA fjallaði um stjórnun í mótsögn við faglegt starf, Gerður Gestsdóttir frá fræðsludeild Alþjóðahúss fjallaði um persónulega þjónustu í fjölmenningarlegu umhverfi og Anna Sigurðardóttir frá KHÍ reyndi að kenna stjórnendum að skilja vinnuna eftir í vinnunni. Um haustið fengu stjórnendur fræðslu um stjórnunarhugmyndafræði sem kennd er við „Fisk!“ sem síðan hefur verið unnið með á sumum vinnustöðum bæjarins. Auk þess væri hægt að nefna margvíslega fræðslu fyrir almenna starfsmenn um skjalastjórn, notkun ýmiss tölvuhugbúnaðar o.fl., stundum í samstarfi við Símeý, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

## JAFNRÉTTISMÁL OG FJÖLSKYLDUSTEFNA

Jafnréttisráðgjafi hefur umsjón með jafnréttisstefnu og fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar og annast auk þess ráðgjöf og fræðslu um jafnrétti kynjanna ásamt því að hafa umsjón með úttektum og rannsóknum á stöðu kynjanna.

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga var haldinn á Akureyri í maí og komu til fundarins um 50 fulltrúar úr jafnréttisnefndum víðs vegar af landinu. Aðaláhersla landsfundarins var á launamál kynjanna og kyngreiningu tölulegra upplýsinga.

Í maí stóð Akureyrarbær fyrir málþingi um áhrif kjarasamninga og starfsmats á laun kynjanna undir yfirskriftinni „Launajafnrétti kynjanna - fjarlægur draumur eða raunhæfur möguleiki“. Þátttakendur voru um 100 talsins.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd og jafnréttisráðgjafi stóðu ásamt fleirum fyrir samkomu í Lystigarðinum 19. júní í tilefni 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Í tilefni 30 ára afmælis kvennafrídags tóku nefndin og jafnréttisráðgjafi þátt í samstarfi við Héraðsskjalasafnið og Minjasafnið um söfnun og sýningu gagna frá kvennafríðgunum á Akureyri 1975 og 1985. Heiti sýningarinnar var „Nú fylkja konur liði...“ Einnig komu nefndin og jafnréttisráðgjafi að hátíðar- og baráttufundi sem haldinn var í Sjallanum á kvennafrídaginn 24. október.

Fyrstu jafnréttisáætlanir stofnana bæjarins sem hafa fleiri en 25 starfsmenn litu dagsins ljós á árinu. Það voru slökkvilið,

Framkvæmdamiðstöð og grunnskólar bæjarins sem luku gerð áætlana sinna.

Úttekt á kynjahlutfalli aðalfulltrúa í fastanefndum sýndi að konur voru í lok árs 49% fulltrúa og karlar 51%. Kynjahlutfall meðal æðstu stjórnenda var óbreytt frá árinu 2004, 10 konur og 10 karlar.

Endurskoðun á fjölskyldustefnu bæjarins sem hófst um mitt ár 2004 lauk haustið 2005 og var endurskoðuð stefna samþykkt í bærarstjórn 20. september. Fjölskyldustefnan er aðgengileg á vefsíðu Akureyrarbæjar en einnig er hægt að nálgast prentuð eintök í þjónustuanddyri í Geislagötu 9.

Jafnréttis- og fjölskyldumál eiga sér fastan stað á heimasíðu Akureyrarbæjar og er slóðin <http://www.akureyri.is/fjolskyldustefna>

## HÚSNÆÐISMÁL

Innlestar félagslegar íbúðir voru tvær á árinu 2005 og voru þær báðar seldar á almennum markaði. Akureyrarbær féll frá forkaupsrétti á félagslegum íbúðum og óskaði einnig eftir við Félagsmálaráðherra að kaupskylda félli niður. Markaðsverð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað meira en vísitala sem veldur því að innlausnarverð íbúða er orðið lægra en markaðsverð. Þessar breytingar verða til þess að nú selja eigendur félagslegra íbúða þær sjálfir á almennum markaði.

Leiguíbúðir voru 250 í árslok 2005. Auk þess voru sex nýjar íbúðir teknar í notkun í janúar 2006. Í árslok voru 60 umsækjendur á biðlista eftir leiguíbúðum en auk þess höfðu 15 leigjendur hjá Akureyrarbæ óskað eftir flutningi í hentugri íbúðir. Það var því 24 umsækjendum færra á biðlista en í árslok 2004. Á árinu bárust 128 umsóknir um leiguíbúðir og var 33 þeirra hafnað. 59 umsækjendur fengu afhenta leiguíbúð á árinu.

Húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun í húsnæðismálum. Greiddar húsaleigubætur námu 105,9 milljónum á árinu 2005 á móti 101 milljón árið 2004 og er það 4,9% aukning en bótaþegar voru 727 í lok árs 2005 en 692 árið 2004. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð á árinu 2005 var sem hér segir:

HÚSALEIGUBÆTUR						
Atvinnustaða	Gift/ samb. með börn	Gift/ samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	41	13	102	55	27	<b>238</b>
Atvinnulaus	4	2	19	4	8	<b>37</b>
Öryrkjar	9	6	28	52	91	<b>186</b>
Ellilífeyrisþegar		11		36	19	<b>66</b>
Heimavinnandi	1		2			<b>3</b>
Nemar	18	24	35	55	65	<b>197</b>
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>56</b>	<b>186</b>	<b>202</b>	<b>210</b>	<b>727</b>





## FÉLAGSSVIÐ

Kosið var um sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði haustið 2005 og var sameiningu víðast hvar hafnað, m.a. á Akureyri. Ekki er því fyrirsjáanlegt að breytingar verði á næstu 3-4 árum á þjónustumynstrinu á félagssviði af þeim sökum. Ekki lítur heldur út fyrir að ný verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélaga á næstunni. Af þeim sökum þarf Akureyrarbær að taka afstöðu til endurnýjunar þjónustusamninganna við ríkið um menningarmál, heilsugæsluna, öldrunarmál og málefni fatlaðra en allir þeir samningar renna út í lok árs 2006.

### FJÖLSKYLDUDEILD

Starfsemi deildarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Aukning varð í umfangi bæði hjá skólaþjónustunni og í barnaverndinni. Sérstaklega var á fyrri hluta ársins áberandi fjölgun í erfiðum unglingamálum þar sem krakkar voru komnir á hála braut í áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Af nýjungum má nefna samstarf við Hlíðarfjall um að efla skíðakennslu og þjálfun fatlaðra. Í þessu skyni fór starfsmaður deildarinnar til Aspen í Colorado og dvaldi þar í 5 vikur í nóvember og desember og öðlaðist þar dýrmæta reynslu sem ætlunin er að nýta við kennslu og þjálfun fatlaðra í Fjallinu.

Átakið „Atvinna með stuðningi“ gekk vel á árinu og á alþjóðadegi fatlaðra 3. desember veittu Landssamtökin Þroskahjálpar Akureyrarbæ viðurkenninguna „Múrbrjótinn“ fyrir góðan árangur í að auka atvinnuþátttöku fatlaðra.

Mikil vinna fór fram á árinu við að undirbúa sérhæft skólaúrræði fyrir börn með alvarlegar þroska og hegðunar-raskanir. Þetta úrræði var opnað í desember og heitir Skjöldur.

Örlítið á milli ára, voru á sl. ári 318 en 321 árið 2004. Áberandi er að einhleypum körlum hefur fjölgað um 10 á milli ára. Greiðslur til hvers styrkþega hækkuðu um rúm 9% en heildar-úrgjöld til fjárhagsaðstoðar hækkuðu um rúm 8%.

Hefðbundin þjónusta var veitt í málaflokki fatlaðra á árinu. Má þar nefna dagþjónustu fatlaðra á Hæfingarstöð og Plast-iðjuna Bjarg/lðjulund en þar fer fram starfsendurhæfing, þjálfun og vernduð vinna fyrir öryrkja, langtímaatvinnulausa og fólk á endurhæfingarlífeyri. Á Hæfingarstöð fengu um 45 einstaklingar þjónustu en á PBI var 31 einstaklingur í verndaðri vinnu en 56 í starfsþjálfun. Fleiri leituðu eftir „Atvinnu með stuðningi“ en árið áður og alls fóru 14 einstaklingar í vinnu á almennum vinnumarkaði með slíkri aðstoð. Tíu nýir vinnusamningar voru gerðir á árinu og 34 einstaklingar fóru í sumarvinnu. Alls fengu 30 einstaklingar styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra. Stuðningsfjölskyldu höfðu 30 fötluð börn á árinu. Um 50 umsóknir um umönnunarbætur voru afgreiddar til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Í skólaþjónustunni hefur málafjöldi aukist á milli ára. Í grunnskólanum var málafjöldi 519, þar af 443 í grunnskólum Akureyrar, en í leikskólum var málafjöldinn 127, þar af 117 í leikskólum Akureyrarbæjar.

Heildarfjöldi barnaverndarmála var 352 á árinu en unnið var með 278 fjölskyldur. Fimm börn fóru á Stuðla í greiningu og meðferð en neyðarvistun á Stuðlum var notuð í 14 tilvikum vegna 11 barna. 3 börn fóru á langtímameðferðarheimili. Flest voru börnin á aldrinum 15 - 18 ára, bæði drengir og stúlkur. 38 börn nutu stuðningsúrræðanna; tilsjón persónulegs ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu.

**„Út með Eyjafirði austanverðum liggur stór hvítbjörn fram á lappir sínar. Hann er úr grjóti og hryggur hans gnæfir í tæplega 1200 metra hæð yfir sjó. Einhver nefndi dýrið Kaldbak fyrir löngu. Kaldbakur tekur á sig hregg og svalvinda norðanáttar, og þess sér stað: túnin eru sæl með sig í Eyjafirði og lognið verður rjómaþykkt á innfirðinum. Í öllu logninu og veðurblíðunni heyrast hinir rödduðu samhljóðar í máli fólksins skýrar en annars væri!“**

– Hannes Pétursson, Úr hugskoti, Iðunn 1976.



Breytingar urðu hjá Menntasmiðjunni á árinu en í september flutti stofnunin í gamla Barnaskólahúsið sem fengið hefur nafnið Rósenborg. Seinni hluti ársins fór í að koma Menntasmiðjunni þar fyrir ásamt Punktinum og Húsinu en vinna við viðgerðir á húsinu olli talsverðum truflunum á starfsemi.

Aukin eftirspurn er eftir þjónustu Hæfingarstöðvar og áform eru um að stækka húsnæðið og auka þjónustuna. Plastiðjan Bjarg/lðjulundur hóf samstarf við merkjaframleiðandann Os í Noregi um dreifingu og sölu á fjármerkjum.

Fjárhagsaðstoðin er fyrirferðarmest af þjónustuþáttum félagsþjónustunnar. Styrkþegum fjárhagsaðstoðar fækkaði

### HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

Akureyrarbær rekur Heilsugæslustöðina á Akureyri samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Umdæmi HAK er sem fyrr 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Þannig tilheyra fyrrverandi íbúar Hálshrepps, núverandi íbúar Þingeyjarsveitar, umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra áfram Dalvíkurumdæmi að eigin ósk. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 19.267 íbúar þann 1. des. 2005. Helstu breytingar og framfarir í starfi heilsugæslustöðvarinnar á árinu tengjast aukinni samvinnu milli deilda bæjarins. Áfram var unnið að þróun fagráðs um fjölskylduvernd sem í sitja fulltrúar



frá HAK og fjölskyldudeild (FD). Unnið var sameiginlega hjá HAK, FD, skóladeild og FSA að koma á fót Skildi, sem er úrræði fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir. Leikskólar og ungbarnavernd unnu áfram að sameiginlegu þroskamati og hafa hjúkrunarfræðingar í ungbarnavernd byrjað að skoða börn á leikskólum. Eftir mikla greiningarvinnu á félagssviði var stofnað teymi starfsmanna til að tileinka sér PMT meðferðarvinnu og verður það verkefni næstu ára að gera fræðslu- og meðferðaráætlun fyrir foreldra og starfsfólk Akureyrarbæjar að föstu vinnulagi. Áfram hefur verið unnið að þróun á rafrænni sjúkraskrá og voru rúmlega 3000 lyfseðlar sendir rafrænt í apótek í hverjum mánuði. Hefur heilbrigðis- og tryggingmálaráðuneytið ákveðið að því vinnulagi verði komið á yfir allt landið áður en langt um liður. Rúmlega 11.000 læknaþráttir bárust rafrænt til HAK frá FSA og mun sá háttur auka verulega öryggi í meðferð gagna og skapa hagræði þegar fram í sækir. Viðgerð á 3. hæð Heilsugæslunnar byrjaði í júní og til stóð að ljúka verkinu í nóvember. Verkið hefur tafist nokkuð og verður liðið á nýtt ár áður en því lýkur. Starfsfólk hefur mátt þjappa sér saman og þurft að deila starfsaðstöðu á meðan á þessu stendur. Segja má að það hafi gengið vonum framar og stóratakalaust, þó eitthvað hafi þurft að draga úr starfsemi sökum plássleysis.

Þjónusta heimilislækna var á árinu með svipuðu móti og verið hefur. Heldur minni læknamönnun var þó framan af ári og ekki hefur verið hægt s.l. ár að bjóða öllum íbúum svæðisins að velja sér heimilislækni sökum skorts á heimilislæknum. Rúmlega 3000 manns eru án heimilislæknis á svæðinu. Þar að auki sinnir HAK lækniþjónustu við öldrunarheimili bæjarins og hefur það áhrif á tímaframboð hjá

um heilsugæsluhjúkrun í ungbarnavernd, skólahjúkrun, unglíngamóttöku, krabbameinsleit og almenna móttöku hjúkrunarfræðinga ásamt heimahjúkrun með sjúkraliðum. Áhersla var sem fyrr lögð á fræðslu og fyrirbyggjandi vinnu, m.a. í námskeiðahaldi, og var unnið að því að festa í sessi framhaldsnámskeið fyrir nýorðna foreldra.

Í fjölskylduráðgjöfinni fór fram ráðgjöf, meðferð og stuðningsviðtöl við fjölskyldur og einstaklinga sem og fræðsla til hópa og stofnana. Sem fyrr var lögð áhersla á að verðandi foreldrar, foreldrar ungra barna og einstæðir foreldrar hefðu forgang að þjónustu. Nýjung var að bjóða upp á sérstaka fræðslu fyrir konur af erlendu bergi brotnar í tengslum við meðgöngu eða stuttu eftir fæðingu

## BÚSETUDEILD

Búsetudeild veitir íbúum bæjarins ýmiss konar búsetuþjónustu. Með búsetuþjónustu er átt við þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, sambýli og þjónustuíbúðir fatlaðra, skammtímavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf fyrir eldri borgara, ráðgjöf iðjubjálfa, heilsueflandi heimsóknir til aldraðra og þjónustuhópur aldraðra.

Áfram var haldið vinnu við framkvæmd stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun. Í



**„Við náðum inn á Oddeyrartanga seint um kvöldið, laust fyrir háttatíma. Var eg þá orðinn bæði þreyttur og svangur. Við höfðum ofurlítinn nestisbita, en allir held eg, að við höfum verið peningalausir, og urðum að treysta á guð og góða menn um gistingu á Akureyri. ... Félagar mínir voru snemma á fótum á laugardagsmorguninn til þess að ná tali af Gunnari. En eg þurfti ekki að sinna þessum verzlunarerindum og rölti fram og aftur um borgina, horfði eins og hjáræningur á húsin og fólkið, sem rann eftir götunum.“**

– Theódór Friðriksson, Í verum, Helgafell 1977.

heimilislæknum. Á miðju ári var ráðinn nýr heimilislæknir en hann hefur ekki getað tekið við nýjum skjólstaðingum vegna framkvæmda og aðstöðuleysis. Aðsókn að bráðadagvaktinni á HAK er alltaf talsvert mikil, jafnvel þótt tímar hafi verið lausir hjá heimilislæknum viðkomandi sjúklinga fyrr um daginn. Metnaður er hjá heilsugæslulæknum til að sinna heilsuvernd og taka þeir aukinn þátt í mæðravernd ásamt því að sinna ungbarnavernd, skólaheilsugæslu og unglíngamóttöku.

Ljósmaður sinnu verðandi foreldrum í mæðravernd en aukið var við mönnun í mæðravernd á haustmánuðum til að geta gefið lengri viðtalstíma. Hjúkrunarfræðingar sáu

októbermánuði var tekið í notkun hús sem Húsbyggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar byggði við Klettatún 2. Húsið er með 5 íbúðum og sameiginlegri aðstöðu og þykir vel heppnað og nýtast vel. Þangað fluttu íbúar úr sambýlinu við Helgamagrastræti og var það hús tekið úr notkun. Akureyrarbær reisti hús með 6 leiguíbúðum auk starfsmannaaðstöðu við Vallartún 2 sem var tilbúið í árslok. Þetta hús er ætlað geðfötlum og er þar um að ræða nýtt úrræði og með tilkomu þess stýttist verulega biðlisti eftir þjónustuíbúðum fyrir geðfatlaða. Á árinu hófust framkvæmdir við byggingu Framkvæmdasjóðs fatlaðra á 5 íbúða sambýli



með mikilli sameiginlegri aðstöðu, ætluðu fjölfötluðum, við Geislatún. Áætluð verklok eru á haustmánuðum 2006.

Á árinu styttust verulega biðlistar og þar með biðtími eftir öldrunarheimilisrýmum. Í upphafi árs biðu alls 25 einstaklingar eftir hjúkrunarrými en í lok árs biðu 9 manns. Biðlisti eftir dvalarrýmum styttist á sama tíma úr 72 í 28 manns. Ástæður þessa eru líklega margar en talið er að þarna spili saman aukin áhersla á heimaþjónustu, meiri stuðningur og þjónusta við eldri borgara sem búa heima og breytt viðhorf í samfélaginu ekki síst eldri borgara sjálfra.

Á vormánuðum fékk búsetudeild Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri til liðs við sig við framkvæmd umfangsmikillar rannsóknar á félagsstarfi eldri borgara á Akureyri. Meginmarkmið var að varpa ljósi á tómstunda- og félagsstarf eldri borgara á Akureyri og þann sess sem skipulagð félagsstarf á vegum bæjarins skipar í lífi þessa hóps. Annars vegar var hugað að því félagsstarfi sem eldri borgarar stunda með hinum ýmsu félögum og svo hins vegar þátttöku eldri borgara í skipulögðu félagsstarfi sem bærinn býður fyrir þennan hóp og afstöðu þeirra til ýmissa þátta þess. Einnig var spurt um heilsufar, tengsl og fleira. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að þeir eldri borgarar sem talað var við töldu sig við nokkuð góða heilsu og í góðum tengslum við vini og ættingja. Eldri borgarar á Akureyri er margir hverjir virkir í félagasamtökum og ríflega þrjár af hverjum fjórum konum og einn af hverjum þremur körlum leggja stund á handavinnu. Að auki áttu þeir sem þátt tóku í rannsókninni sér ýmis áhugamál sem skiptu tugum.

Þegar litið er sérstaklega til þátttöku í skipulögðu félagsstarfi á vegum bæjarins kemur í ljós að þrír af hverjum fjórum hafa

nýta má til tómstundastarfs og skemmtanahalds, minni hópherbergi, hársnyrtistofa sem leigð er út og skrifstofa Félags eldri borgara. Auk aðstöðu til félagsstarfs eru í húsinu skrifstofur heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Þá var einnig skrifað undir samstarfssamning við Félag eldri borgara á Akureyri um afnot félagsins af miðstöðinni og samvinnu við Akureyrarbæ um þróun félagsstarfs fyrir eldri borgara í bænum. Samstarf félagsins og bæjarins um félagsmiðstöðina hefur farið mjög vel af stað og lofar góðu um framhaldið.

## ÖLDRUNARHEIMILIN

Starfsemi Öldrunarheimilanna er að mörgu leyti í föstum skorðum og gengur lífið sinn vanagang. Stöðugt er þó verið að leita leiða til bættrar þjónustu og aukinnar vellíðunar íbúa. Starfsmannalán leikur við ÖA og voru starfsmenn á árinu alls um 260 í um 170 stöðugildum. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlegð öldrunarheimilanna.

Á árinu lauk hönnun nýrrar viðbyggingar við Hlíð og var samið við Tréverk ehf. um byggingu hússins. Verktakar tóku strax til óspilltra málanna og hefur viðbyggingin og samstarfið gengið með miklum ágætum. Veðurguðir hafa verið hliðhollir og lítur út fyrir að viðbyggingin verði tilbúin á tilsettum tíma í október 2006. Í viðbyggingunni verða 60 ný hjúkrunarrými, góð einstaklingsherbergi með sér snyrtingum. Hjúkrunarrýmum verður skipt í 4 deildir og verða borðstofur og setustofur á hverri deild. Einnig verður eldhús, borðsalur og búningaástaða í húsinu. Viðbyggingin er nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðstöðu öldrunarheimilanna.

**„Áttagarnir voru fyrir laungu orðnir hið fyrirheitna land hans, Eyjafjörður með friðsælum Pollinum og hvítum en ekki svörtum fuglum, vangi Vaðlaheiðar, fegurstur vánga, Kaldbakur sem eitt fornskáld keypti við ökrum æsku sinnar. Vel má vera að leingra fái skáld ekki náð í ytra lífi sínu, skáldkallið gefi ekki tilefni til annarra persónulegra óska en fá að vera einn og kyr heimahjá sér. Skáld lifir annarsstaðar. Davíð Stefánsson lifði í þeirri ljóðlist sem var einsog töluð útúr hjarta þjóðarinnar á enn einum morni þjóðarævinnar; og heldur áfram að lifa þar.“**

– Halldór Laxness, Upphaf mannúðarstefnu, Helgafell 1965.

aldrei tekið þátt í slíku starfi. Ríflega helmingur þessa hóps kvaðst ekki hafa áhuga og um þriðjungur bar við tímaskorti. Þeir sem tóku þátt í starfinu voru almennt mjög ánægðir með starfið og alla þætti þess sem spurt var um. Niðurstöðurnar verða notaðar til frekari þróunar á tilboðum bæjarins til eldri borgara.

Í október var formlega tekin í notkun félagsmiðstöð fyrir eldri borgara að Bugðusiðu 1 eftir umfangsmiklar breytingar á húsnæðinu. Stærstur hluti húsnæðisins tilheyrir félagsmiðstöðinni en þar er m.a. stór fjölnotasalur sem

Á árinu var að frumkvæði félagsmálaráðs komið á fót vinnuhópi til þess að fjalla um húsnæðismál ÖA og framtíðarstefnu í búsetuúrræðum fyrir aldraða með mikla þjónustupörf. Vinnuhópurinn skilaði skriflegri greinargerð og tillögum að aðgerðaráætlun síðastliðið haust og var greinargerðin send til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til skoðunar. Beðið er eftir svörum frá ráðuneyti varðandi breytingar á eldra húsnæði í Hlíð og áframhaldandi uppbyggingu í búsetumálum aldraða á Akureyri.



Á árinu var lögð áhersla á skoðun á innra starfi, sjálfræði íbúa, viðmót og viðhorf starfsmanna. Sem fyrr var öflug fræðsla í boði fyrir starfsmenn alla vetrarmánuði. Handleiðsla hefur staðið til boða fyrir deildarstjóra og starfsmenn deilda. Sex kraftmiklir sjúkraliðar ÖA voru styrktir til náms í öldrunarhjúkrun og luku þeir námi í árslok með miklum sóma. Í samstarfi Símeysjar, verkefnastjóra starfsþróunar Akureyrarbæjar og nokkurra starfsmanna ÖA var útbúið námskeið fyrir starfsfóstra sem taka munu á móti nýjum starfsmönnum í framtíðinni og leiða þá fyrstu mánuði í starfi. Víst þykir að góð móttaka og leiðsögn nýrra starfsmanna muni skila sér í ánægðari og öruggari starfsmönnum sem skila enn betri vinnu.

Í framhaldi af kynningu á rannsókn á sjálfræði aldraðra á öldrunarstofnunum var farið í skoðun á sjálfræði aldraðra á ÖA og er markvisst unnið með hugmyndir um sjálfræði inni á nokkrum deildanna. Nýlega var keypt gæðahandbók og skipaður gæðastjóri ÖA. Framundan er mikil vinna við gæðamálin.

Til þess að auðvelda aðgang að upplýsingum um ÖA var heimasíða öldrunarheimilanna opnuð á árinu og settur heimasíðustjóri, slóðin er Akureyri.is/oldrunarheimili. Þetta framtak hefur hlotið mikil og jákvæð viðbrögð almennings.

Samstarf við leikskólann Síðusel hefur staðið undanfarna vetur þar sem elsti árgangur barna í Síðuseli hefur komið í heimsókn mánaðarlega í Hlíð og kynslóðirnar notið samvista. Íbúar ÖA hafa frætt börnin um ýmislegt frá fyrri tíð og börnin hafa boðið nokkrum íbúum í heimsókn í leikskólann. Margt hefur verið rætt og brallað öllum til ánægju.

Auk þess var unnið að aukinni þjálfun og sem fjölbreyttastri

## SKÓLADEILD


Á árinu samþykktu skólanefnd og bæjarstjórn einróma skólastefnu fyrir Akureyrarbæ og er það í fyrsta skiptið sem til er heildstæð skólastefna. Mikil vinna liggur að baki stefnunnar og boðaði skólanefnd m.a. til stefnuþings þann 6. apríl þar sem íbúum gafst kostur á að ræða drögin og koma með athugasemdir. Skólastefnuna má nálgast á [www.akureyri.is/skolabaerinn](http://www.akureyri.is/skolabaerinn).

Framkvæmdastjórn Akureyrarbæjar veitti leikskólum Akureyrarbæjar sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi faglegt starf og góða þjónustu við bæjarbúa við athöfn í Listasafninu á Akureyri föstudaginn 25. nóvember.

Í apríl samþykkti bæjarstjórn einróma tillögu skólanefndar um 25% lækkun á gjaldskrá leikskóla fyrir börn hjóna og sambúðarfólks. Var þetta kynnt sem fyrsta skrefið í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. Með þessu varð gjaldskrá leikskóla á Akureyri ein sú lægsta á landinu.

Akureyrarbær rak á árinu 13 leikskóla og styrkti einkarekinn leikskóla sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Mánudaginn 19. desember undirrituðu Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri og Margrét Pála Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. samning um rekstur leikskólans Hólmasólar við Helgamagrastræti en starfsemin var boðin út á árinu. Leikskólinn Hómasól tekur til starfa í apríl 2006.

Í október voru um 95% barna á Akureyri á aldrinum 2ja - 5 ára í leikskóla. Meðaldvalartími þeirra í leikskóla er um 7,4 klukkustundir á dag. Í október voru 220 stöðugildi alls í leikskólunum á Akureyri. Stöðugildi vegna deildarstarfs eru alls 139 og 64 % af þeim eru mönnum fagfólki eða 89 stöðugildi.



**„Það var föstudagur og eins og stundum er sagt „ágætis filingur“ í miðbænum. Sjómenn í verkfalli riðuðu eftir stéttunum með glamrandi flöskur í poka en á snjófölu Ráðhústorginu renndu unglingar sér á hjólabrettum og rúnturinn liðaðist áfram. Á bak við rússneskan ryðdall lá allur skipafloti Akureyringa í höfn. Kirkjan reyndist læst. Listasafn Akureyrar var lokað. Davíðshús ekki opið og Nonnahús ekki heldur. Því fátt annað til bragðs að taka en setjast inn á eitt af mörgum kaffihúsum bæjarins. Ég var hálfveginn að þurfa ekki að fara að skoða eitthvað.“**

– Huldar Breiðfjörð, Góðir Íslendingar, Bjartur 1998.

afþreyingu. Reynt var að fara með þessa þjónustubætti meira inn á deildirnar til þess að mæta þeim íbúum sem ekki treysta sér út af deildunum vegna heilsuleysis.

Helstu áhyggjur rekstraraðila öldrunarheimila á Íslandi eru lág daggjöld frá ríkinu til reksturs þeirra. Ekki var gerð bragarbót á þessum greiðslum á árinu og gengur illa að fá greiddan árvissan hallarekstur frá ríkinu. Hækkun launa vegna starfsmats hefur ekki fengist bætt og þrátt fyrir mikið aðhald og útsjónarsemi í rekstri ÖA þarf Akureyrarbær árlega að leggja fé til rekstrarins.

Skoðanakönnun var gerð í janúar meðal foreldra leikskólabarna og tóku 86% foreldra þátt í henni. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 95% foreldra sögðust vera ánægð með leikskóla barna sinna, 92% sögðu að leikskólinn mætti þörfum barna sinna og 76% foreldra sögðust taka þátt í starfi leikskólanna og eiga samstarf við þá. Niðurstöður úr lífskjarakönnun sem IMG Gallup gerði fyrir Akureyrarbæ eru samhljóma en þar sögðu 95,7% aðspurðra að þeir teldu að leikskólarnir veittu góða þjónustu og 78,5% sögðu að það væri auðvelt að fá leikskólapláss hér á Akureyri.





Í byrjun ágúst hófst verkefnið Hreyfing til framtíðar en markmið þess er að stuðla að markvissri hreyfingu leikskólabarna á Akureyri. Þannig á að undirbúa börnin enn betur til að takast á við nám og leik í framtíðinni. Jóhann Gunnar Jóhannsson íþróttakennari var ráðinn að skóladeildinni til að stýra verkefninu. Hann hefur skipulagt kennslu í íþróttahúsinu við Laugargötu fyrir öll leikskólaborn á Akureyri.

Nú eru fjórir leikskólar að vinna að þróunarverkefnum, þrír leikskólar eru að hanna kennsluleiðbeiningar fyrir yngsta stig leikskólans, einstaklingsnámskrá fyrir yngstu börnin í leikskólanum. Einn leikskóli er að innleiða í leikskólann „AGNið - aukin gæði náms“ sem er leið til að stuðla að góðri skólaþróun.

Gæsluvöllurinn Eyrarvöllur var starfræktur sumarið 2005 frá 1. júní til 19. ágúst. Alls voru skráðar 1.829 heimsóknir barna þennan tíma sem þýðir að u.þ.b. 30 börn heimsóttu gæsluvöllinn að meðaltali á dag og er það töluverð fækkun frá fyrra ári. Í árslok 2005 voru 29 dagmæður starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 131.

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 7 og í þeim stunduðu ríflega 2.640 nemendur nám. Stærstur var Brekkuskóli með um 570 nemendur og minnstur Grunnskólinn í Hrísey með 28 nemendur. Einnig var starfræktur einn sérskóli, Hlíðarskóli, en þar stunda að jafnaði 16 drengir nám. Skóladeild hefur í samvinnu við fjölskyldudeild, heilsugæslustöð (HAK) og barna- og unglíngageðdeild FSA byggt upp þjónustu við Hlíðarskóla fyrir langveik börn með geð- og þroskaraskanir og fjölskyldur þeirra. Hefur þessi deild við Hlíðarskóla hlotið nafnið Skjöldur. Áhersla verður lögð á að vinna þverfaglega og þvert á stofnanir með því að samþætta nauðsynlega þjónustu óháð

öllum nemendum í 1. - 4. bekk til boða vist í Frístund eftir að skóla lauk á daginn og gátu þau verið þar gegn vægu gjaldi til kl. 17.15 á daginn. Um það bil 36% barna í þessum bekkjum nýttu sér þetta úrræði. S.l. ár hefur Akureyrarbær einnig rekið skólavistun fyrir fötluð 10 - 16 ára börn í Árholti. Þar eru að jafnaði 10-12 börn.

Skólarnir á Akureyri hafa verið duglegir að sinna þróunar- og nýbreytnistörfum og hafa þeir fengið fjölmarga styrki til slíkra verkefna á undanförunum árum frá ríki og bæ. Nú eru starfandi tveir leiðtogaskólar á grunnskólastigi á Akureyri, Oddeyrarskóli sem er leiðtogaskóli í foreldrasamstarfi og Brekkuskóli sem er leiðtogaskóli í einstaklingsmiðuðu námi. Gerður var samningur við leiðtogaskólana til þriggja ára um að þróa og innleiða nýja starfshætti og kynna fyrir öðrum skólum. Að auki voru fjölmörg verkefni í gangi í skólunum sem sneru t.d. að útikennslu, bættri lestrarkennslu, aukinni samvinnu og samábyrgð í samfélaginu um uppeldi barna (Barnið í brennidepli), umhverfisvernd, stefnumótun og stórauknu námsvali nemenda í 9. - 10. bekk í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og samtök í bænum.

Brekkuskóli fékk afhent nýtt og endurbætt húsnæði á árinu og er þetta í fyrsta skipti sem hann starfar undir einu þaki. Húsnæðið er hið glæsilegasta og gefur kost á miklum sveigjanleika í skipan námshópa og samstarfi kennara í kennslu.

Grunnskólinn í Hrísey fékk fyrstur skóla í Akureyrarbæ afhentan grænfánann við skólaslitin um vorið. Þar með hefur skólinn uppfyllt ákveðna staðla sem umhverfisvæn stofnun.

Starfsemi Tónlistarskólans tók nokkrum breytingum á árinu. Nú byrja nýjir nemendur á almennri braut þar sem kennt

**„Hann var á gangi í Vaðlaheiðinni og virti Akureyri fyrir sér. Þetta var fallegur bær; nú sá hann það. Ágætis fólk, Akureyringar. Dálitlir þursar en þéttir þegar á þurfti að halda. Honum þótti vænt um þá alla. Ekki voru örlög hans þeim að kenna. Þeir höfðu þvert á móti bjargað lífi hans.“**

– Björn Porláksson, Lífsloginn, Tindur 2005.



því hver veitir hana. Markmiðið með starfsemi Skjaldar er að skapa sérhæft og hnitmiðað meðferðar- og kennsluúrræði svo að nemendum líði vel, þeir þroskist og nái árangri í námi og verkefnum við hæfi.

Í grunnskólunum störfuðu 260 kennarar og stjórnendur og 170 starfsmenn sem sinna öðrum störfum. Hlutfall kennara með fagmenntun var 98%. Stöðugleiki í starfsmannahaldi hefur verið mikill undanfarin ár.

Engar viðhorfskannanir voru framkvæmdar meðal foreldra, nemenda eða starfsmanna á árinu vegna verkfalls.

Við alla grunnskólana voru starfrækt skólamötuneyti, þar sem nemendur gátu fengið heita máltíð í hádegi. Einnig stóð

er í litlum hópum. Með þessu hefur verið hægt að fjölga nemendum nokkuð.

Fljótlega þegar líða tók á árið var ljóst að fíkniefnavandinn var að aukast á Akureyri en samkvæmt málaskrá lögreglunnar fjölgaði fíkniefnamálum um helming frá árinu áður. Komið var á fót samráðsvettvangi nokkurra lykilaðila sem koma að málefnum barna og ungmenna. Starfið þar skilaði þeim árangri að nýr fíkniefnaleitarhundur mun koma í raðir lögreglunnar á Akureyri. Keyptar voru niðurstöður rannsókna á vímuefnaneyslu framhaldsskólanema á Akureyri sem sýndu aukningu á neyslu vímuefna á Akureyri. Á árinu kom út stefna Akureyrarbæjar á áfengis og vímuefnum. Stefnum



er hægt að nálgast á heimasíðu Akureyrarbæjar. Í júní var hvatningarátak til foreldra og forráðamanna með kynningu á Strætisvögnum Akureyrar og því svo fylgt eftir í fjölmiðlum. Megininntakið var að vekja foreldra til umhugsunar um að börn og unglingar þurfa og vilja umhyggju, aðhald og eftirlit en sumarið er oft tími þar sem börn og ungmenni leiðast út í sína fyrstu drykkju. Önnur hefðbundin verkefni í samvinnu við lögregluna á Akureyri o.fl. voru ÞOR verkefni fyrir 5. bekk, Þorsteinn og Bassi (tollgæslan) fyrir fermingabörn, forvarna- og fíkniefnafræðslan „Hættu áður en þú byrjar“ fyrir 8. og 9. bekk o.fl. Að auki stendur foreldrum til boða fræðsla um skaðsemi fíkniefna.

## MENNINGARDEILD

Akureyri vex jafnt og þétt í hlutverki sínu sem metnaðarfullur menningarbær. Á árinu var lokið við endurskoðun menningarstefnu bæjarins og hlaut hún yfirskriftina „Skapandi bær“. Í henni er hlutverk bæjaryfirvalda í menningarlífinu greint í tvo meginþætti; annars vegar að skapa farveg fyrir sköpunargáfu og þroskakosti bæjarbúa og hins vegar að starfrækja stofnanir sem miðla þekkingu og varðveita sameiginlegan menningararf. Í stefnunni er mikil áhersla lögð á skapandi starf með börnum.

Tuttugu og einn sóttu um starfslaun listamanna. Að venju var tilkynnt um niðurstöður á Vorkomu menningarmálanefndar en launin hlutu Erlingur Sigurðarson rithöfundur og Hlynur Hallson myndlistarmaður í 6 mánuði hvor. Við sama tækifæri fengu Bogi Pétursson og Lilja Hallgrímsdóttir viðurkenningu Menningarsjóðs en viðurkenning Húsverndarsjóðs var tileinkuð minningu Kristjáns

Starfsemi Héraðsskjalasafnins á Akureyri var með hefbundnu sniði á árinu, sem var það fyrsta heila í nýju húsnæði. Safnið tók á móti fleiri skjalaafhendingum en undanfarin ár og svo virðist sem fleiri þekki til starfsemi safnins. Safnið stóð fyrir sýningunni „Við sem kröfðumst jafnréttis“ í samstarfi við jafnréttisnefnd Akureyrar í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins auk sýningar á Davíðshátíðinni.

Listasafnið á Akureyri vakti mikla athygli strax í upphafi árs með sýningunni „Stríðsmenn hjartans: 100 milljónir í reiðufé og tíbeskur munkasöngur“ þar sem sýnd voru peningabúnt. Sú sýning náði þeim merka áfanga að verða umfjöllunarefni í Spaugstofu Ríkissjónvarpsins. Sýning Gabrielu Friðriksdóttur og Matthew Barney var hluti af Listahátíð í Reykjavík og var sú athyglisverðasta að mati gagnrýnanda tímritsins „Art in America“ og yfirlitssýning á verkum Jóns Laxdal ferðaðist til Hafnarfjarðar, Færeyja og Þýskalands. Gestir safnsins voru 14.258.

Listasumar var skipulagt af Menningarmiðstöðinni Listagili og stóð hátíðin í 8 vikur samfelt með hápunkt í Akureyrarvöku sem jafnframt markar afmæli Akureyrarbæjar. Athygli vakti að erlendir ferðamenn sóttu viðburði Listasumars í mun meira mæli en áður.

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands var í föstum skorðum. Skólatónleikar verða sífellt umfangsmeiri og í haust lék sveitin fyrir um 3.000 nemendur. Leikfélag Akureyrar átti áframhaldandi velgengi að fagna. Um 17.000 manns sáu sýningar félagsins á Akureyri og um 8.000 í Reykjavík. Sýningin „Fullkomið brúðkaup“ var frumsýnd á árinu og sló hún öll fyrri aðsóknarmet félagsins þegar sýningum lauk í



**„Það er sami Sjevrólettinn sem er Blómabíll og Pissubíll. Hlaupum við krakkarnir syngjandi á eftir Blómabílnum á Sumardaginn fyrsta og Seytjanda júní þegar bíllinn ekur borðaskreyttur um götur Eyrarinnar með fjólublá blómin gul og rauð á palli og flautar við og við. Á eftir Pissubílnum hjólum við púkar eins lengi og buna endist á tanki og er unun að sjá vatnið sturtast á rykið því þá skín sól í heiði og skrönsum við og bremsum í hálli bleytunni. Og stundum hlaupum við undir fossinn aftan úr vörubílnum bláa.“**

– Jóhann Árelíuz, Eyrarpúkinn, Jöklahreiddur 2003.

Péturssonar húsasmíðameistara sem lést á árinu.

Gestum Amtsbókasafnsins á Akureyri fjölgaði á árinu og útlánur einnig. Vinsældir safnsins aukast jafnt og þétt og í þjónustukönnun svöruðu 95% þáttakenda því að þjónustan væri í samræmi við væntingar þeirra til bókasafnsþjónustu. Gestir voru alls um 109.783. Á árinu voru 110 ár liðin frá fæðingu Davíðs Stefánssonar og stóð safnið að ýmsum viðburðum af því tilefni í samstarfi við fleiri aðila. Hæst bar menningarveisluna „Á ljóðsins vængjum“ í samstarfi við menningardeild, Karlakór Akureyrar - Geysi og Héraðsskjalasafnið.

febrúar árið 2006 en þá höfðu 11.756 manns séð hana.

Sögugöngur Minjasafnsins á Akureyri áttu miklum vinsældum að fagna og aðsókn í útibú safnsins í Laufási hefur aldrei verið meiri. Starfsemin þar skilaði hagnaði.

Verklegar framkvæmdir við Menningarhúsið hófust á árinu með jarðvegsvinnu og verður fyrsta skóflustungan tekin á árinu 2006.





## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDADEILD

Starfsemi íþróttá- og tómstundadeildar gekk vel á árinu 2005. Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþróttá- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþróttá og tómstunda á Akureyri til framkvæmda.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Þó má segja að óhagstætt veðurfar hafi komið töluvert niður á aðsókn og tekjum Hlíðarfjalls og Sundlaugar Akureyrar.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan deildarinnar á undanförunum árum og árið 2005 var þar engin undantekning. Byggð var upp glæsileg aðstaða fyrir hjóla- og línuskautaiðkendur við „Háskólastíginn“ ofan Borga, rannsóknarhúss Háskólans á Akureyri. Verkefnið tókst með afbrigðum vel og una notendur hag sínum vel og nýta svæðið til hins ýtrasta. Þá var hafist handa við framkvæmdir í Hlíðarfjalli vegna snjóframleiðslukerfis en vegna slæmra veðurskilyrða var ekki unnt að klára verkefnið áður en snjóá festi á haustdögum. Tekin var ákvörðun um að fresta endanlegum frágangi við miðlunarlón sem kemur til með að tryggja vatn til framleiðslunnar og hefur því einungis verið hægt að framleiða snjó m.v. 20 - 25% getu kerfisins. Engu að síður hefur sú framleiðsla sýnt það með ótvíræðum hætti að nauðsynlegt var að fjárfesta í slíku kerfi til að auka nýtingu þeirra fjárfestinga sem eru í Hlíðarfjalli.

Unnið var að undirbúningi vegna bættrar aðstöðu fyrir fimleika og nýs fjölnota íþróttá- og samkomuhúss í Hrísey en

Sömu sögu er að segja af námskeiðahaldi Punkttsins en þar bar einna hæst námskeið í myndsáum og „college“ en hingað var fengin danskur kennari til að til að kenna það námskeið.

Starfsemin í Húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks, hélt áfram að dafna á árinu og má segja að tónlist og leiklist hafi verið þar áberandi. Fjöldi hljómsveita nýtti sér góða aðstöðu til æfinga og tónleikahalds og Leikklúbburinn Saga setti á svið við frábærar móttökur spunasýninguna „Davið Oddson superstar“. Einnig var mikið líf í klúbbastarfi Hússins og má þar nefna stuttmyndaklúbb og Fjörðfiskana sem er klúbbur fólks með fötlun.

Þá var unnið að undirbúningi nýrrar tómstundamiðstöðvar á árinu sem er til húsa í gamla Barnaskóla Íslands en þangað fluttu Húsið og Punkturinn starfsemi sína í ársbyrjun 2006.

## FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR

Framkvæmt var fyrir rúman 1 milljarð króna á árinu 2005 í nýbyggingum og endurbótum á eldra húsnæði og er það á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.

**Menningarhúsi** er ætlaður staður í miðbæ Akureyrar á áberandi stað á fyllingu á mótum Standgötu og Glerárgötu. Ákvörðun var tekin á árinu 2005 um að Tónlistarskólinn yrði byggður sem hluti af húsinu og eru kennslurými skólans á annarri og þriðju hæð hússins. Á árinu fór hönnun á fullt skrið og er stefnt að því að húsið verði tilbúið til notkunar fyrir hluta ársins 2008. Heildarstærð byggingarinnar verður rúmir 7400 m<sup>2</sup> og áætlaður kostnaður 2 milljarðar króna og greiðir

**„Sú saga gekk, að Akureyringar, sem þá voru kallaðir þeir, sem á Brekkunni bjuggu, og Oddeyringar hefðu ekki getað komið sér saman um það, hvar barnaskólinn skyldi standa, er ákveðið var, að reistur skyldi sameiginlegur barnaskóli fyrir byggðarlögin bæði, en nokkuð langt var á milli. Var málið sótt af miklu kappi af hvorum tveggja aðila. Allir vildu hafa skólann sem næst sér. Þá var sagt, að Páll Briem amtmaður hefði látið mæla vegalengdina á milli, rekið þar niður staur, sem miðjan var, og sagt svo: „Hér er miðjan. Þið ráðið svo hvað þið gerið!“ Varð samkomulag um að hlýta þessum Salómonsdomi, ef svo mætti kalla, en staður þessi var að mörgu leyti óhentugur, brött brekka fyrir ofan skólann og snarbrött brekka, fyrir handan mjóa götu, ofan í sjó.“**

– Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, Örn og Örylgur 1986.

gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessara verkefna geti hafist á árunum 2006 til 2007.

Þá voru lagðar umtalsverðar upphæðir til uppbyggingar og endurbóta hjá nokkrum íþróttafélögum bæjarins og má þar nefna Golfklúbb Akureyrar og Knattspyrnufélag Akureyrar.

Tómstundastarf deildarinnar var blómlegt á árinu og góð þátttaka í þeim tilboðum sem í boði voru. Námskeiðahald í grunnskólum bæjarins gekk vel og mikil ánægja var með fjölbreytileika og ekki síst þau nýju námskeið sem í boði voru.

ríkissjóður um 700 milljónir króna af því samkvæmt sérstöku samkomulagi.

**Brekkuskóli** tók til starfa í nýrri og glæsilegri byggingu. Húsnæðið er hið glæsilegasta og hefur vel tekist til við að skapa skólanum gott umhverfi til kennslu og félagsstarfs. Brúttóstærð viðbyggingar er um 1.682 m<sup>2</sup>. Gerðar voru endurbætur og breytingar á eldra húsi, það breikkað og lengt og er nú 3.454 m<sup>2</sup>. Brúttóstærð þess húsnæðis sem skólinn mun hafa til ráðstöfunar verður þá um 5.136 m<sup>2</sup> og kostnaður um 1 milljarður króna.



Ákveðið var á árinu 2004 að byggja nýjan 6 deilda leikskóla við Helgamagrastræti og bjóða verkið út sem alútbóðsverk. Leikskólinn hefur hlotið nafnið **Hólmasól**. Útlit hússins er líflegt og fellur að götummynd hverfisins. Í skipulagi er krafa um að á lóðinni sé steypur veggur og býr það til ramma um lóðina og starf skólans. Á lóðinni er nokkur hæðarmunur sem býr til hvetjandi og skapandi umhverfi fyrir börnin í starfi og leik. Heildarstærð skólans er um 1000 m<sup>2</sup> og kostnaður áætlaður um 300 milljónir króna. Starfsemi hefst í skólanum á vordögum 2006.

Markmið Akureyrarbæjar með breytingu á jarðhæð **Bjargs** að Bugðusíðu 1 í félags- og þjónustumiðstöð fyrir aldraða er að koma til móts við óskir og þarfir eldri borgara og stíga þar með afar stórt skref í þá átt að búa betur að eldri borgurum á Akureyri. Framkvæmdir hófust í október 2004 og lauk þeim í júní 2005. Heildarstærð þjónustumiðstöðvarinnar er 630 m<sup>2</sup> brúttó. Heildarkostnaður við framkvæmd með búnaði er kr. 62 milljónir.

Í nýbyggingunni við **Hlíð** verður hjúkrunarheimili með 60 einstaklingsherbergjum, eldhúsi, matsal og búningsaðstöðu fyrir starfsfólk. Heildarkostnaðaráætlun er um 900 milljónir króna og brúttóstærð nýbyggingar um 3.964 m<sup>2</sup>. Áætlaður afhendingartími er seinni hluta september 2006. Kostnaðarskipting samkvæmt samningi milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Akureyrarbæjar er þannig að ríkissjóður greiðir 30%, Framkvæmdasjóður aldraðra 40% og Akureyrarbær 30%.

Markmið Akureyrarbæjar með byggingu **hjólabetta- og línuskautasvæðis í Kotárborgum** og við **Lundarskóla** er að koma til móts við þann mikla fjölda sem þessar íþróttir stundar

13 milljónir kr. Á sama tíma var sett upp minni aðstaða fyrir bretti við Lundarskóla sem mikið er notið af börnum bæði á skólatíma og einnig þegar skóla lýkur.

Á árinu var lokið við byggingu átta **leiguíbúða í Gránufélagsgötu**. Stærð hvorrar íbúðar er 61 m<sup>2</sup>. Austan við hvort íbúðarhús eru tveir 7 m<sup>2</sup> útiskúrar sem hýsa sorpgeymslu og sameiginlegar geymslur fyrir húsin. Íbúðir þessar lifga upp umhverfið og gefa því ferskan og líflegan blæ. Lóðin er að fullu frágengin og afgirt. Byggingarkostnaður á íbúð er 10.9 milljónir á verðlagi mars 2005. Kostnaður var 178.836 kr/m<sup>2</sup>.

Á árinu hófst undirbúningur fyrir **fjölnotahús í Hrísey**. Húsið verður byggt á lóð sundlaugar og er fyrirhugað að bjóða framkvæmdir út á vordögum 2006. Um er að ræða fjölnota sal ásamt búningsaðstöðu, móttöku, eldhúsi og geymslu fyrir húsið. Áætluð stærð á húsi er 600 m<sup>2</sup>.

## TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ

Undanfarin ár hefur uppgangur á Akureyri verið umtalsverður og hafa starfsemi og verkefni tækni- og umhverfissviðs einkennst af þeim veruleika. Á síðasta ári var úthlutað 660 lóðum, mest í Naustahverfi og um áramótin voru ekki hafnar framkvæmdir á 630 íbúðum á lóðum sem úthlutað hefur verið undanfarin ár. Miðað við síðustu úthlutun hefur um 35% af því byggingasvæði sem er til ráðstöfunar í Naustahverfi verið úthlutað til byggingaraðila. Eftirspurn eftir iðnaðarlóðum hefur einnig verið mikil og hefur nær öllum lausum lóðum verið úthlutað og er í undirbúningi að auka framboðið í Nesjahverfi



**„Alltaf hefir mér fundizt Syðri-Brekkan vera sannkölluð vagma norðlenzkrar menningar á þessari öld, líkt og Mesapótamía var vagma heimsmenningarinnar. Syðri-Brekkan er byggð út úr höfuðbólínu Stóra-Eyrrandi og spannar á milli tveggja lækjargilja, líkt og Mesapótamía, sem þýðir landið á milli fljótanna eða stóranna Efrats og Tígriss. Brekkan afmarkast af Búðargili að sunnan, sem kennt er við dönsku búðirnar, og Grófargili að norðan, síðar almennt nefnt Kea-gil. En Kea á allt gilið og starfsemina þar. Því var ekki að ástæðulausu, að séra Bjarna furðaði stórum á, að Kea-merkinu skyldi ekki einnig vera klínt á kirkjuna, sem stendur í gilbarminum sunnanverðum.“**

– Örylgur Sigurðsson, Bolsiur frá bernskutíð, Geðbót 1971.

og stuðla þannig að heilbrigðri hreyfingu og útivist. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að hjólabetta og línuskautagarðurinn yrði byggður upp á Hamarkotstúni. Ákveðið var að senda hugmyndina í grenndarkynningu þar sem upp komu mótmæli íbúa í nágrenninu. Umhverfisaráð ákvað að taka tillit til þessa og ákveðin var staðsetning sunnan Borga, austan göngustígs í Kotárborgum. Heildarstærð vallarins er 820 m<sup>2</sup> og frágangssvæði um 200 m<sup>2</sup>. Verkið hófst seinni partinn í júlí og lauk í ágúst með vígslu svæðisins. Í heild kostaði verkið rúmar

svo og á nýju svæði vestan Síðubrautar. Frekari eftirspurn eftir íbúðalóðum verður mætt með því að hefja undirbúning á svæðum sunnar í Naustahverfi og með þéttingu byggðar, bæði á miðbæjarsvæði sem og skv. verkefninu „Þétting byggðar“.

Á árinu náðist sá merki áfangi í frárennismálum að allt frárennslí er komið í tvær útrásir, í framtíðarútrás í Sandgerðisbót og í aðra minni í Krossanesi og þá er eftir að setja upp hreinsistöð og framlengja útrás í Sandgerðisbót.



Þegar þeim framkvæmdum verður lokið, sem ráðgert er að verði 2008, hefur Akureyrarbær uppfyllt reglur um fráveitur. Af öðrum ánægjulegum árangri má nefna endurnýjun bílakosts strætisvagna og slökkviliðs og þar með er Slökkvilið Akureyrar komið í fremstu röð á sínu sviði á landinu.

## FRAMKVÆMDAÐEILD

Meginverkefni framkvæmdaeldar var gatnagerð fyrir nýbyggingasvæði, annars vegar í Naustahverfi og hins vegar í Nesjahverfi, auk verkefna í fráveitumálum og umhverfismálum. Ekki náðist að ljúka öllum verkum sem til stóð að framkvæma á árinu og meginástæða þess var spenna á vinnumarkaði.

Lokið var við að byggja upp allar götur í fyrsta og öðrum áfanga Naustahverfis, ásamt malbikun og frágangi þeirra að stærstum hluta. Einnig var hafist handa við gatnaframkvæmdir við þriðja áfanga í Naustahverfi sem á að vera lokið í júlí á næsta ári, fyrir utan malbikun og frágang. Önnur verkefni voru stefnugreind gatnamót Þingvallastrætis og Mímisbrautar, biðskýli og bekkir í göngugötu, frágangur við Strandgötu, malbikun Grenilundar, Bjarkarlundar og hluta af Fannagili, Norðurtanga og Óseyri. Þá var lagt bundið slitlag á Súluveg frá Vegagerð og upp fyrir malbikunarstöð.

Undanfarin ár hafa verið settir þó nokkrir fjármunir í stíga og gangstéttagerð og á þessu ári má helst nefna gangstétt við Hjalteyrargötu og lagfæringu stíga á Krókeyri. Unnið var við skipulag skógræktar norðan Glerár ásamt gróðursetningu á hluta þess svæðis. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að bjóða út rekstrarverkefni og er nú allur sláttur í bænum unninn af verktökum.

Stærstu framkvæmdir við fráveitu voru við nýja dælustöð við

notkun jarðgerðarstöð í Hrísey en með henni er verið að draga úr því magni sorps sem flutt er upp á land til förgunar.

Unglingavinna var með svipuðu sniði í ár og undanfarin ár og komu 490 unglingar á aldrinum 13 og 14 ára til vinnu. Einnig var haldið úti sumarvinnu fyrir fatlaða og komu alls 22 einstaklingar til starfa og unnu við ýmis störf á Hömrum svo og á ýmsum stofnunum bæjarins. Eftir nokkurt hlé var farið af stað með smíðavöllum og stunduðu 25 börn smíðar þar í mánuð.

Árið 2005 var annasamt hjá Slökkviliði Akureyrar í starfsmanna- og búnaðarmálum. Gerður var tímabundinn samningur til ársloka við Neyðarlínuna um mönnum þjónustuborða 112 á Akureyri. Skrifað var undir nýjan samning við heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga á svæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri sem gildir til 31. desember 2009 og með honum hefur náðst það markmið að á þjónustusvæði Heilsugæslustöðvarinnar er sólarhrings vakt með tveimur bílum.

Menntun og endurmenntun átti stóran þátt í starfinu. Haldinn var fyrri hluti atvinnuslökkviliðsmannanámskeiðs í verktöku fyrir Brunamálastofnun. Starfsmenn sóttu leiðbeiningarnámskeið í Revinge í Svíðþjóð, sjúkraflutninganámskeið, auk ýmissa endurmenntunarnámskeiða og æfinga.

Í búnaðarmálum liðsins gerðist það meðal annars að keyptur var notaður körfubíll frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og seldur eldri körfubíll til slökkviliðsins á Sauðárkróki. Slökkviliðið fékk afhentan nýjan 19 tonna Scania lagna/dælubil frá MT-bílum. Samfara þessu var ráðist í umtalsverð kaup á lausum búnaði.

Í mengunarmálum liggur fyrir skýrsla með tillögu um samvinnu, lágmarksviðbragð í mengunarmálum og þjónustu

**„Hafisinn sigldi með þeim inn fyrirheitna fjörðinn. Fjallshlíðarnar voru hvít-flekkóttar og yfir þeim grá slæða. Bítandi kulið smeygði sér ofan í hálsnál og undir píls. Jakarnir flutu á Pollinum í stefnuleysi og hrukku við og tvístruðust þegar strandferðaskipið óð á þá í vægðarleysi. Konan sem ætlaði að koma börnum sínum til mennta í norðlenska gróðurbænum fölnaði þegar hún kom upp úr lestinni og litaðist um. Börnin komu á eftir og drógu djúpt að sér kalda loftið þegar þau sáu nýju heimkynnin sín ísi skreytt. Er ekki kominn júní?! hreytti Bjarghildur loks út úr sér. Hvar eru öll trén mamma, og blómin? spurði yngsta barnið.“**

– Kristín Marja Baldursdóttir, Karitas án titils, Mál og menning 2004.



Óseyri, ný yfirföll við Sandgerðisbót og Hlíðarbraut, sem byrjað var á á árinu. Þá var bráðabirgðaútrás tengd í Sandgerðisbót þannig að nú fer allt skólp út þar eða við Krossanes. Lokið var við að tengja hesthúsahverfið við Hlíðarholt inn á fráveitukerfi bæjarins.

Unnið var að gerð áætlunar um meðhöndlun og förgun sorps fyrir Akureyri. Markmiðið með þessari áætlunum er að draga jafnt og þétt úr urðun og myndun úrgangs og auka flokkun og endurvinnslu og var byrjað að vinna að undirbúningi að framkvæmd verkefnisins. Einnig var tekin í

eldvarnaeftirlits allra sveitarfélaga við Eyjafjörð.

Á árinu var 171 útkall vegna bruna, 1.405 vegna sjúkraflutninga og 314 vegna sjúkraflugs. Slökkvilið Akureyrar varð 100 ára 6. desember og var opnuð heimasíða slökkviliðsins vegna þessa tilefnis, [www.slokkvilid.is](http://www.slokkvilid.is).

Eldvarnaeftirlit framkvæmdi ýmsar skoðanir á árinu. Yfirfarnar voru teikningar utan Akureyrar og afgreiddar umsagnir vegna endurnýjunar á veitinga/gistileyfum á starfssvæðinu auk afgreiðslu mála í samvinnu við byggingaefirlit. Fræðsla fór fram til fyrirtækja og almennings



í meðferð og notkun handslökkvitækja. Haldnir hafa verið fundir með húseigendum og hönnuðum og allir grunnskólar á starfssvæðinu sóttir heim með fræðslu fyrir 3. bekki.

Þjónusta og rekstur Strætisvagna Akureyrar var samkvæmt þeirri stefnumörkun sem samþykkt var síðari hluta árs 2004. Leiðakerfið var ekið með þremur vögnum á fjórum leiðum og þjónustutími er 17 klst. virka daga en 6 klst. helgidaga. Farþegar voru um 170.000 og fækkaði um 10.000 frá árinu áður og mest mánuðina maí til ágúst. Hafinn var undirbúningur aksturs um ný hverfi og stækkun leiðakerfisins. Nýr strætisvagn sem kom seinnipart árs var tekinn í notkun og er það liður í endurnýjun á vögnum SVA.

Ferliþjónusta Akureyrar flutti um 40.000 farþega með þremur bílum sem er svipað og á síðasta ári. Unnið var við að bæta aðgengi og auka öryggi í bílunum og koma upp skráningar og þjónustukerfi fyrir farþega. Rekstrargjöld án afskrifta voru alls 75.000.000 kr. Rekstrartekjur voru 16.770.000 kr.

## UMHVERFISDEILD

Starfsemi umhverfisdeildar einkenndist á síðasta ári töluvert af þeim mikla uppgangi sem átt hefur sér stað á Akureyri en aldrei fyrr hefur verið úthlutað jafnmörgum lóðum á einu ári eða gefin út eins mörg byggingaleyfi. Á árinu var úthlutað 130 lóðum fyrir u.þ.b. 660 íbúðir en til samanburðar var á árinu 2004 úthlutað 95 lóðum fyrir 300 íbúðir og á árunum 2001-2004 var úthlutað að meðaltali lóðum fyrir 160 íbúðir

á ári. Í tillögu að aðalskipulagi 2005-2018 er gert ráð fyrir að lóðþörf verði sem svarar til 140 íbúða að meðaltali á ári. Á árinu var úthlutað 12 iðnaðarlóðum í Nesjahverfi með leyfilegu byggingamagni allt að 19 þús. m<sup>2</sup>. Unnið var að deiliskipulagi síðustu reita í fyrsta byggingaáfangna Naustahverfis svo og næstu byggingaáfangna í Nesjahverfi og nýs athafnasvæðis vestan Síðubrautar.

Stærstu einstöku verkefni umhverfisdeildar á síðasta ári fyrir utan framangreind deiliskipulagsverkefni voru m.a. endurskoðun aðalskipulags og gerð skipulagsramma fyrir miðbæinn í framhaldi af verkefninu „Akureyri í öndvegi“ og úrvinnslu þess. Meginviðfangsefni í endurskoðun aðalskipulagsins er að vinna að frekari stefnumörkun um uppbyggingu miðbæjar, afmarka þau svæði sem koma til greina til þéttingar byggðar, endurskoðun tengibrauta og endurskoðun verslanareita m.t.t. endurbyggingar miðbæjar. Með þéttingu byggðar má búast við að hægt verði að fjölga íbúðum á þegar byggðum svæðum utan miðbæjar talsvert og á miðbæjarsvæðinu sjálfu um 300 íbúðir.

Helsta verkefni í náttúruverndarmálum var endurskoðun Staðardagskrár 21. Með þeirri endurskoðun er verið að einfalda verkefni og gera þau aðgengilegri en áður. Einnig var unnið að gerð útivistarskipulags fyrir Krossanesborgir og Leirutjörn í Innbæ en markmiðið með því er að bæta aðgengi fólks að þessum náttúruperlum í bæjarlandinu.



**„Mér fanst Akureyri leiðinlegur bær. Og fólkið var drumslegt við mig. Það er svo ánægt með sjálft sig. Það er norðlenzkt.“**

– Þórbergur Þórðarson, Bréf til Láru, Helgafell 1950.



## FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. DESEMBER 2005

### **Bæjarstjórn Akureyrar:**

Póra Ákadóttir forseti  
Kristján Þór Júlíusson  
Þórarinn B. Jónsson  
Sigrún Björk Jakobsdóttir  
Jakob Björnsson  
Gerður Jónsdóttir  
Jóhannes Gunnar Bjarnason  
Oddur Helgi Halldórsson  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir  
Oktavía Jóhannesdóttir  
Valgerður H. Bjarnadóttir

### **Bæjarráð:**

Jakob Björnsson formaður  
Þórarinn B. Jónsson  
Sigrún Björk Jakobsdóttir  
Oddur Helgi Halldórsson  
Valgerður H. Bjarnadóttir  
Oktavía Jóhannesdóttir  
(áheyrnarfulltrúi) til 29.12.2005

### **Bæjarstjóri:**

Kristján Þór Júlíusson

### **Endurskoðendur:**

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

### **Skoðunarmenn bæjarreikninga:**

Birgir Björn Svavarsson  
Hermann Óskarsson

### **Fastanefndir**

#### **Stjórnsýslunefnd:**

Kristján Þór Júlíusson formaður  
Jakob Björnsson  
Gerður Jónsdóttir  
Oktavía Jóhannesdóttir  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir

#### **Umhverfissráð:**

Guðmundur Jóhannsson formaður  
Þórarinn B. Jónsson  
Stefán Jónsson  
Haraldur Sveinbjörn Helgason  
Jón Ingi Cæsarsson

#### **Félagsmálaráð:**

Jakob Björnsson formaður  
Póra Ákadóttir  
Jóhannes Gunnar Bjarnason  
Sígurveig Sumarrós Bergsteinsdóttir  
Kristín Sigfúsdóttir til 01.08.2005  
Valgerður H. Bjarnadóttir frá 01.08.2005

### **Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:**

Jakob Björnsson formaður  
Þórarinn B. Jónsson  
Sigrún Björk Jakobsdóttir  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir  
Jón Erlendsson til 07.08.2005  
Valgerður H. Bjarnadóttir frá 07.08.2005

### **Íþrótt- og tómstundaráð:**

Björn Snæbjörnsson formaður  
Steingrímur Birgisson til 04.10.2005  
Helga Steinunn Guðmundsdóttir frá 04.10.2005  
Eygló Birgisdóttir  
Nói Björnsson  
Sigrún Stefánsdóttir

### **Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:**

Gerður Jónsdóttir formaður  
Elín M. Hallgrímsdóttir  
Alfreð Almarsson  
Íris Dröfn Jónsdóttir  
Þorlákur Axel Jónsson

### **Kjarasamninganefnd:**

Þórarinn B. Jónsson formaður  
Jóhann Sigurjónsson  
Ágúst Hilmarsson

### **Kjörstjórn:**

Helgi Teitur Helgason formaður  
Páll H. Jónsson  
Helga Guðrún Eymundsdóttir

### **Menningarmálanefnd:**

Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður  
Valgerður Jónsdóttir  
Helgi Vilberg Hermannsson  
Ágúst Hilmarsson  
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

### **Skólanefnd:**

Jón Kr. Sólmes formaður  
Gerður Jónsdóttir  
Laufey Petrea Magnúsdóttir  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir  
Hermann Jón Tómasson

### **Náttúruverndarnefnd:**

Ingimar Eydal formaður  
Sveinn Heiðar Jónsson  
Mínerva B. Sverrisdóttir  
Þórey Ketilsdóttir  
Jóhannes Árnason

### **Áfengis- og vímuvarnanefnd:**

Gerður Jónsdóttir formaður  
Jóna Jónsdóttir  
Hildur Kristjana Arnardóttir til 06.09.2005  
Atli Þór Ragnarsson frá 06.09.2005  
Tryggvi Þór Gunnarsson  
Þorgerður Þorgilsdóttir

### **Fræðslunefnd:**

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður  
Leifur Þorsteinsson  
Þórgnýr Dýrfjörð  
Hrafnhildur Sigurðardóttir  
Sigríður Stefánsdóttir

### **Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:**

Kristján Þór Júlíusson  
Jakob Björnsson  
Oddur Helgi Halldórsson





## Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum

### Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri  
bæjarverkfræðingur  
slökkviliðsstjóri

### Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð  
Jakob Björnsson  
Jóhanna Ragnarsdóttir  
Dýrleif Skjöldal

### Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

### Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon  
Bjarni Kristinsson  
Konráð Alfreðsson  
Viðir Benediktsson  
Oddný Stella Snorradóttir til 20.09.2005  
Hilmir Helgason frá 20.09.2005

### Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Einar Hjartarson  
Frosti Meldal

### Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

### Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ágúst Hilmarsson  
Helgi Vilberg Hermannsson  
Valgerður Jónsdóttir

### Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Gunnar Frimannsson formaður  
Guðmundur Magnússon  
Elín Margrét Lýðsdóttir

### Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Sigrún Fanney Sigmaradóttir

### Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga:

Eiður Gunnlaugsson

### Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Kristján Þór Júlíusson

### Launanefnd sveitarfélaga:

Jakob Björnsson

### Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Jakob Björnsson  
Jóhannes Gunnar Bjarnason  
Kristján Þór Júlíusson  
Þóra Ákadóttir  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir  
Oktavía Jóhannesdóttir  
Valgerður H. Bjarnadóttir

### Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Jakob Björnsson  
Kristján Þór Júlíusson  
Þóra Ákadóttir  
Gerður Jónsdóttir  
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir  
Oktavía Jóhannesdóttir

### Stjórn Eyþings:

Kristján Þór Júlíusson

### Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson

### Vaxtarsamningur Eyjafjarðar:

Sigríður Stefánsdóttir

### Veidifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

### Vetrariþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson  
Nói Björnsson

## Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja

### Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Valur Knútsson  
Árni V. Friðriksson  
Oktavía Jóhannesdóttir

### Landsvirkjun:

Kristján Þór Júlíusson

### Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Jakob Björnsson  
Jóhannes Árnason

### Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson



